

Nd.

113. Nefndarálit

[8. mál]

um frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnes-sýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Ég er andvígur þeirri stefnu, sem verið hefur ríkjandi að undanfögnu, að selja ríkisjarðir einstaklingum. Hún er bændum síður en svo hagkvæm og getur stuðlað að braski, eins og ýmis dæmi sanna. Ákvæðin um erfðaábúð í lögum nr. 102 frá 21. des. 1962 tryggja ábúendum ríkisjarða mjög hagkvæm kjör og fullkomið öryggi fyrir sig og erfingja sína, og ættu þau ákvæði að geta fullnægt ábúandanum á Setbergi í Eyrarsveit.

Þrír síðari liðir frumvarpsins fjalla um sölu á húseignum í sambandi við gildandi ákvæði um embættisbústaði. Framkvæmd lagaákvæða um embættisbústaði hefur verið mjög tilviljanakennd að undanfögnu og stundum hneykslanleg. Endurskoðun á þeirri löggjöf hefur lengi verið óhjákvæmileg, og henni hefur raunar verið lofað af hæstv. fjármálaráðherra, þótt ekkert bóli á efndum. Á meðan framkvæmd þessara mála er jafnóðlileg af hálfu stjórnarvaldanna og raun ber vitni, sé ég ekki ástæðu til að taka þátt í ákvörðunum um sölu einstakra embættisbústaða.

Alþingi, 6. des. 1967.

Magnús Kjartansson.